

Fasteignafélagið Hvammur ehf. Stjórnarfundur

Mánudaginn 21. mars 2022 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal og hófst hann kl. 15:00.

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Pétur Friðjónsson og Kristján Sturluson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2021.

Rekstrartekjur félagsins námu 8,1 millj. kr. á árinu 2021 og hækkuðu um 0,7 millj. kr. milli ára eða um 9%. Tap félagsins á árinu 2021 nam 33,1 millj. kr. Eigið fé félagsins í árslok nam 33,5 millj. kr. (2020: 66,6 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 68,1 millj. kr. Óheimilt er að úthluta arði til hluthafa á árinu 2022, en vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárréikningum.

Undir árslok 2021 samþykkti stjórn félagsins að gert yrði gagntilboð vegna tilboðs sem barst í hluta fasteigna félagsins að fjárhæð 28,0 millj. kr. og var gagntilboði tekið 20. desember 2021. Tilboðið er nokkuð lægra en bókfært virði eigna og er af þeim sökum færð virðisrýrnun í formi aukaafskrifta á árinu 2021, samtals að fjárhæð 25,8 millj. kr.

Stjórn samþykkir ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfestir hann með undirritun sinni.

Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

2. Niðurfærsla hlutafjár.

Hefja þarf undirbúning að niðurfærslu hlutafjár sem verði lagt fyrir hluthafafund.


Samþykkt að fela KPMG að undirbúa niðurfærslu hlutafjár. Hluti af því verði að fækka hluthöfum.

3. Breyting á tilgangi félagsins.

Rætt um tilgang félagsins til framtíðar.

Skoðað verði að breyta féluginu í fjárfestingafélag. Jafnframt verði skoðað hvert verði starfssvæði félagsins.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.



Pétur Friðjónsson



Kristján Sturluson



Einar Jón Geirsson